

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðarhrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reyðarfjarðarhrepps.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 29. mars 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 98.

31. mars 1976.

REGLUGERÐ

um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun.

1. gr.

Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Til þess að hjúkrunarfræðingur geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi skal hann hafa fullnægt þeim kröfum, er hér greinir:

1. Hann skal hafa hlotið hjúkrunarleyfi hér á landi samkvæmt 1. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974.
2. Hann skal hafa stundað sérnám í einhverri þeirri sérgrein hjúkrunar, er reglugerðin nær til.

3. gr.

Sérnám má einungis fara fram í þeim skólum og heilbrigðisstofnunum, sem viðurkennd eru til slíks náms af viðkomandi yfirvöldum.

Hjúkrunarráð skal meta námsskrár og námsstöður áður en viðurkenning er veitt.

4. gr.

Sérfræðileyfi má veita í eftirtöldum greinum:

- I. Barnahjúkrun:
Eitt ár nám í barnahjúkrun.
- II. Geðhjúkrun:
Nám í geðhjúkrun 15 mánuðir.
- III. Heilsuvernd:
Eitt ár nám í heilsuvernd.
- IV. Ljóssmóðurfræði:
Eitt ár nám í ljóssmóðurfræði.
- V. Röntgenhjúkrun:
Tvö ár nám í röntgentækni, þar af þriggja mánaða nám á geislalækningadeild.
- VI. Svæfingahjúkrun:
Tvö ár nám í svæfingahjúkrun.